

Bæjarskrifstofur Garðabæjar
B.t. Arinbjörn Vilhjálmsson

23.03.2023
2022-08-57/11.2

Efni: Frekari skýringar á ósk Landsnets um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar

Í framhaldi af fundi Landsnets og Garðabæjar þann 21.03.2023 þá sendir Landsnet frekari skýringu á ástæðu vegna óska fyrirtækisins um aðalskipulagsbreytinga innan Garðabæjar.

Í nágrenni höfuðborgarsvæðisins liggja mikilvægar flutningsleiðir raforku. Þær flytja orku til þess fjölda íbúa sem búa á svæðinu og nauðsynlegrar atvinnustarfsemi í og við höfuðborgarsvæðið. Ýmsar áskoranir fylgja því að byggja upp rekstrarlega öruggt kerfi, sem fullnægir orkuþörf hvers tíma í takt við þróun byggðar á langstærsta þéttbýlissvæði landsins.

Í umhverfismati Suðvesturlína árið 2009, sem m.a. gerði ráð fyrir nýrri tenginu milli Hamraness og Lyklafells, var meginmarkmið þeirrar framkvæmda að auka flutningsgetuna þar á milli, samhliða því umhverfismati samræmdu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu stefnumörkun um raforkuflutningskerfið í aðalskipulagi sínu.

Frá þeim tíma hafa orðið breytingar á forsendum er varða orkuvinnslu og nýtingu á Reykjanesi og í allra nánustu framtíð er ekki fyrir séð þörf á aukinni flutningsgetu fyrir þessa tengingu. Hins vegar kallaði þróun íbúabyggðar í jaðri höfuðborgarsvæðisins, sérstaklega í Hafnarfirði þar sem Hamraneslínur og Ísallínur liggja vel innan þéttbýlismarka sveitarfélagsins á að gera þyrfti breytingar á flutningskerfinu.

Árið 2019 var hafinn undirbúningur að nýju umhverfismati þar sem meginmarkmið framkvæmdanna var að bregðast við byggðaðróun höfuðborgarsvæðisins og færa útlínur meginflutningskerfisins út fyrir vaxtarmörk höfuðborgarsvæðisins og til lengri tíma draga úr mikilvægi núverandi tengivirkja með byggingu nýrra fjær byggð.

Á meðan unnið var að rannsóknum vegna umhverfismatsins, varð aukin eldvirkni á Reykjaneskaga og því þótti Landsneti ástæða til að fá sérstaka greiningu á mögulegri náttúruvá m.t.t. mögulegra eldsumbrota og til að meta áhrif sem þau gætu haft á ólíka valkosti m.t.t. rekstraröryggis. Niðurstaða jarðvísindamanna sýndi, að kæmi til eldvirkni með hraunrennsli í nágrenni framkvæmdasvæðisins gæti hraun fljótlega runnið yfir línuleiðir valkosta meðfram Búrfellslínu 3b og strengleið meðfram Bláfjallavegi og þá um leið núverandi Búrfellslínu 3b.

Því er ljóst að óvissa er til staðar varðandi valkosti nýrrar línu og því hefur Landsnet ákveðið að geyma um sinn ákvarðanir um frekari byggingu nýrrar Lyklafellslínu.

Aftur á móti þarf að bregðast við þeim vanda sem er að skapast við uppbyggingu íbúðabyggðar innan þéttbýlismarka (og þar með vaxtarmarka höfuðborgarsvæðisins), þar sem Hamraneslínur og Ísallínur standa í dag, innan Hafnarfjarðar. Sú leið sem Landsnet telur best til þess fallna að bregðast við íbúaðróun höfuðborgarsvæðisins til samræmis við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og óvissu vegna náttúruvá, snúa að áframhaldandi nýtingu Hamraneslína. Eftir að frekari ástandsskoðun fór fram á Hamraneslínunum þótti sýnt, að þær eru í betra ásigkomulagi en talið var og með ákveðnum aðgerðum er hægt að lengja

LANDSNET

líftíma þeirra í 30 ár. Því hefur Landsnet ákveðið að ráðast í það viðhald, en leggja Hamraneslínur sem 5 km jarðstrengi til samræmis við þróun byggðar í Hafnarfirði.

Fyrstu niðurstöður umhverfismats ásamt öðrum kostum voru kynntar fyrir bæjarráði Garðabæjar 18.01.2022, þar sem komu fram valkostir sem gætu komið í staðin fyrir Lyklafellslínu 1 og jarðstrengur frá Hamranesi áleiðis í land Garðabæjar var kynnt til sögunnar. Þessi kynning er í fylgigögnum.

Þegar ákvörðun um að fresta byggingu Lyklafellslínu um óákveðin tíma, var tekin, var það kynnt fyrir verkefnaráði Landsnet 29.08.2022 og er þær kynningar aðgengilegar á vef Landsnets og er hlekkur á hana undir fylgigögnum.

Vinna við framtíðarþróun flutningskerfis á höfuðborgarsvæðinu heldur áfram. Garðabær ásamt öðrum bæjarfélögum á höfuðborgarsvæðinu gera ráð fyrir því í sínu aðalskipulagi að Hamraneslínur séu víkjandi. Vegna óvissu um uppbyggingu og framtíðarþróun á flutningskerfinu á höfuðborgarsvæðinu er ekki hægt að gera ráð fyrir því að Hamraneslínur séu víkjandi þar sem forsenda fyrir niðurrífi er ný lína sem myndi leysa hana af.

Fundur með forsvarsmönnum Garðabæjar og forsvarsmönnum Landsnets átti sér stað þann 21.03.2023 um framtíðarfyrikomulag flutningskerfis Landsnets innan bæjarfélagsins. Sú vinna og samtal heldur áfram milli Landsnets og Garðabæjar.

Landsnet hefur unnið að undirbúningi á því að setja Hamraneslínur í jörðu í um 5 km kafla frá tengivirki Landsnets í Hafnarfirði áleiðis inn í Garðabæ. Umsókn um breytingu á aðalskipulagi barst Garðabæ 14.12.2022 og uppfærð með breytingu á lengd jarðstrengs innan bæjarfélagsins barst Garðabæ 24.01.2023. Þessu bréfi fylgja gögn sem bárust Garðabæ með umsókn um breytingu á aðalskipulagi ásamt uppfærðri umsókn á breytingu á aðalskipulagi.

Til viðbótar við framlögð gögn hefur Landsnet látið taka ásynðarmyndir frá golfvælinum Odda yfir staðsetningu sem áætlað er að nýtt strengendamastur komi. Eru tvær myndir meðfylgjandi, það er mynd af núverandi ásynð og mynd á fyrirhugaðri ásynð þegar búið er að reisa strengendamastur og fjarlægja línur að strengendamastrinu.

Gögnin eru eftirfarandi:

- Bréf til Garðabæjar, dagsett 14. Desember 2022. Ósk um breytingu á aðalskipulagi.
- Tölvupóstur til Garðabæjar með uppfærðum gögnum vegna umsóknar
- 101288_HN12_Yfirlits- og grunnkort_2023-01-23
- 101288_HN12_strengleid_2023-01-13
- [Vefsíða verkefnis 2D](#)
- [Vefsíða verkefnis 3D](#)
- Ásynðarmynd – núverandi
- Ásynðarmynd – eftir framkvæmdir

Viðbótargögn eru eftirfarandi:

- 17-1-22-Garðabær bæjarráð-status
- Kynning fyrir verkefnaráð 29.08.2022:
 - <https://landsnet.is/library/?itemid=5d1f6905-4c60-4428-bc79-ad5495af5b27>
 - <https://landsnet.is/library/?itemid=fac1bd79-1ec5-4da8-b8d5-400b1ab81254>

LANDSNET

Landsnet hyggst vera í framkvæmdum vegna Hamraneslínu 2024. Mikilvægt er að fyrir liggi ákvörðun á breytingu á aðalskipulagi sem fyrst til að tryggja að tímafrestir gangi eftir. Því óskar Landsnet eftir að málsmeðferð verði hraðað eins og kostur er.

Virðingarfyllt,

Anna Sigga Lúðvíksdóttir
Verkefnastjóri Landsnets

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026